



ALLiES eGuide

Samvera fjölskyldunnar

“Café” Fjölskylda

“Café” fjölskylda er staður þar sem fullorðnir og börn koma saman til að eiga notalega samverustund. Sjálfboðaliðar sjá um að opna og loka húsinu, hella upp á kaffi og undirbúa leiksvæði fyrir börn og fullorðna auk þess að ganga frá í lokin. Kaffihúsið er opið í hverri viku í tvær klukkustundir. Hugmyndin byggir á Mannerheim League for Child Welfare en Allies kaffihúsið er fyrsta kaffihúsið sem byggir á hugmyndum um öryggi. Ekki einungis geta foreldrar átt góðar stundir með börnunum sínum og öðrum foreldrum heldur er einnig tækifæri til að gera foreldra meðvitaða um öryggi og velferð barna með fyrirlestrum og öðrum upptökum. Á kaffihúsinu er sérstakri athygli beint að þátttöku foreldra í að skapa öruggan og rólegan stað þar ákveðnar reglur gilda sem allir virða og allir foreldrar hafa leyfi til afskipta ef til átaka kemur milli barnanna.

Hér eru nokkrar uppástungur að umræðuefnum og fyrirlestrum um velferð fjölskyldna:

- Að kynnast
- Hvað felst í velferð fjölskyldu?
- Forvarnir gegn ofbeldi í leikskólum og skólum
- Áfengisneysla foreldra frá sjónarhorni barns
- Fjölskylduþróttir
- Fæðingarþunglyndi og hvernig má að sigrast á því
- Áhrif fjölmiðla á fjölskyldulíf
- Kynning á þeim stuðningi sem fjölskyldur geta sótt til mismunandi stofnana.

Meðan boðið er upp á fyrirlestra fyrir foreldra ættu börnin að geta leikið sér í öðru herbergi með sjálfboðaliðum. Næsta skref í að þróa þessa hugmynd er að útbúa verkefni eða einhvers konar leiki fyrir börnin sem snúa að öryggi. Það er einnig mikilvægt að skipuleggja tímann þannig að fyrirlestur taki aðeins hluta tímans sem opið er til að nægur tími gefist til umræðna á milli hinna fullorðnu og fyrir börnin að leika sér.

